

Fundargerð
262. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 8. janúar 2019 kl. 12¹⁵ – 14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Halldór Haraldsson (HH) vm (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Glerumbúðir
- (3) Plast
- (4) Raftæki
- (5) Úrvinnslusjóður
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (261. fundar).

Samþykkt


2. Glerumbúðir

Framhaldið var umræðum frá síðasta fundi og lagt var fram erindi frá UAR um glerumbúðir. Þar er óskað eftir að Úrvinnslusjóður vinni tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögum um úrvinnslugjald, sem feli í sér að sett verði sérstakt úrvinnslugjald á umbúðagler. Lagt er fram afrit af bréfi sem Endurvinnslan sendi til UAR um málið.

ÓK fór yfir tillögu að svarbréfi til ráðuneytisins. Einnig fór hann yfir helstu upplýsingar um umfang glerumbúða á markaði. ÓK fór yfir texta sem verður í svari til UAR sem áréttar framleiðendaábyrgð og greiðslu úrvinnslugjalds til að uppfylla hana.

Stjórn felur ÓK að ganga frá svarbréfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna álagningar úrvinnslugjald á umbúðagler og senda til ráðherra.

3. Plast



Meðfylgjandi eru tillögur að aðgerðaráætlun í plastmálefnum sem samstarfsvettvangur afhenti ráðherra fimmtudaginn 1. nóvember 2018.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c0687ce4-dde1-11e8-942e-005056bc4d74>

Lagðar voru fram umsögn SI, SVP, SAF, SFS, SA sem og umsögn SÍS um tillögu að aðgerðaráætlun í plastmálum. Stjórnarmenn ræddu aðgerðaráætlunina.

4. Raftæki

Lagt var fram á fundinum minnisblað sem ÓK fór yfir vegna fyrirhugaðra breytinga á endurgjaldi fyrir ráðstöfun lítilla raftækja sem gerir ráð fyrir að þau verði send til ráðstöfunar hjá sérhæfðum aðila við endurvinnslu raftækja.

5. Úrvinnslusjóður


Farið var yfir stöðu mála er varðar ársreikning Úrvinnslusjóðs og önnur mál sem tengjast fjármálum sjóðsins. GGP lýsti yfir óánægju með að enn er ekki hægt að skrifa undir ársreikning og vísaði til fyrri umræðu um málið. GGP sagði frá samtali sínu við Gunnar Hall hjá Reiknisskilaráði um uppgjör á úrvinnslugjaldi. Beðið er eftir álitum Reiknisskilaráðs.

6. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 22. janúar 2019.

Fundi slitið kl. 14.00

The image shows five handwritten signatures in blue ink, arranged vertically. The signatures are: 1. A signature that appears to be 'K. Jónsson'. 2. A signature that appears to be 'Lúðvík E. Víðlafsson'. 3. A signature that appears to be 'Bryndis Gunnarsdóttir'. 4. A signature that appears to be 'Bryndis Gunnarsdóttir' with a different flourish. 5. A signature that appears to be 'Guedu S. Þórisson'.